

Fundarreglur landskjörstjórnar við kosningar

1. gr.

Tilgangur og gildissvið.

Fundarreglur þessar eiga við á fundum landskjörstjórnar þegar tekið er á móti og úrskurðað um gildi framboðslista fyrir alþingiskosningar og framboða við forsetakjör. Jafnframt gilda þær á úthlutunarfundum landskjörstjórnar fyrir alþingiskosningar, sbr. 108. gr. kosningalaga og þegar kosningaúrslitum er lýst við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur. sbr. 120. gr. sömu laga.

Öllum þeim er koma á fundi landskjörstjórnar, skv. 1. gr. er skylt að hlíta fundarreglum þessum. Skulu reglurnar vera sýnilegar á fundarstað og aðgengilegar á vef landskjörstjórnar.

2. gr.

Almennar háttættisreglur.

Öllum er koma á fundi landskjörstjórnar, skv. 1. gr. er skylt að fara að tilmælum landskjörstjórnar og hlíta lögum og reglugerðum sem í gildi eru. Fundarmenn skulu sýna hver öðrum gagnkvæma kurteisi og tillitssemi á meðan fundir standa yfir og ekki viðhafa hegðun eða háttsemi sem er til þess fallin að valda röskun eða truflun á fundum landskjörstjórnar.

3. gr.

Bókanir.

Landskjörstjórn heldur gerðabók og bókar í hana það sem fram fer á fundum og þær ákvarðanir sem hún tekur. Frambjóðendur og umboðsmenn skv. X. kafla kosningalaga eiga rétt á að athugasemdir þeirra séu bókaðar í gerðabók landskjörstjórnar. Bókunin skal vera stutt og skýr.

4. gr.

Úrræði landskjörstjórnar.

Sé reglum þessum ekki fylgt er landskjörstjórn heimilt að áminna fundarmann og skal það bókað í gerðabók og tilefni áminningar. Fylgi fundarmaður ekki reglum landskjörstjórnar, þrátt fyrir áminningu er heimilt að vísa honum af fundarstað. Bóka skal um ástæðu brottvísunar í gerðabók.

Samþykkt á fundi landskjörstjórnar 18. apríl 2024.